

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 196, 19. febrúar 2009, um hrognkelsaveiðar.

#### 1. gr.

1. og 2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Grásleppuveiðileyfi hvers báts skal gefið út til 62 samfelldra daga og skal bundið við ákveðið veiðisvæði og veiðitímabil:

- A: Faxaflói, frá línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum.  
Innan veiðitímabilsins 10. mars til 5. júlí.
- B: Breiðafjörður, svæði 1 frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurflögum að línu réttvísandi vestur frá Bjartöngum.  
Innan veiðitímabilsins 10. mars til 5. júlí.
- Breiðafjörður, svæði 2 innan línu sem dregin er úr Krossnesvita vestan Grundarfjarðar í Lambanes vestan Vatnsfjarðar.  
Innan veiðitímabilsins 20. maí til 12. ágúst.
- C: Vestfirðir, frá línu réttvísandi vestur frá Bjartöngum að línu réttvísandi norður frá Horni.  
Innan veiðitímabilsins 10. mars til 5. júlí.
- D: Húnaflói, frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá.  
Innan veiðitímabilsins 10. mars til 5. júlí.
- E: Norðurland, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi.  
Innan veiðitímabilsins 10. mars til 5. júlí.
- F: Austurland, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi austur frá Hvítингum.  
Innan veiðitímabilsins 10. mars til 5. júlí.
- G: Suðurland, frá línu réttvísandi austur frá Hvítингum að línu réttvísandi vestur frá Garðskagavita.  
Innan veiðitímabilsins 1. mars til 25. júní.

Umsækjandi um grásleppuveiðileyfi skal í umsókn greina hvenær hann muni hefja grásleppuveiðar með lagningu neta. Skal gildistími hvers leyfis vera 62 dagar frá þeim tíma. Hver bátur getur einungis haft eitt grásleppuveiðileyfi á hverri grásleppuvertíð.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og lögum nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 29. apríl 2009.*

F. h. r.

**Kristján Freyr Helgason.**

*Pórður Eyþórsson.*